



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Lokahátíð barnastarfsins

Lokahátíð barnastarfsins var haldin sunnudaginn 25. apríl sl. og var margt um manninn, söngur, glens og gaman. Við fengum góða gesti í heimsókn, Lilli klifurmús og Mikki refur komu og sungu nokkur lög og spjölluðu við kirkjugesti, einnig söng yngri barnakór kirkjunnar fyrir okkur.

Sr. Sólveig Halla sagði börnunum sögu og stjórnaði fjöldsöng við undirleik Sigrúnar Mögnu og Svavars, en þetta var síðasta fjölskylduguðsþjónust-

an hennar með okkur, þar sem hún er komin í fæðingarorlof og hverfur svo til annarra starfa og við viljum þakka henni fyrir ómetanlegt starf hér við kirkjuna.

Að guðsþjónustunni lokinni var svo boðið til pizzuveislu í Safnaðarheimilinu.

Barnakórar kirkjunnar ásamt hljómsveit héldu svo Stórtónleika í kirkjunni þennan sama dag og er óhætt að segja að þar sé á ferðinni tónlistarfólk framtíðarinnar.



Söngur og gleði á Lokahátíð barnastarfsins.



Barnakórar kirkjunnar ásamt stjórnanda sínum, Sigrúnu Mögnu Þórsteinsdóttur.

Fermingarfræðsla í haust

Við viljum minna á að fermingarfræðslan, haustið 2010, hefst með fermingarnámskeiði á Vestmannsvatni dagana 17.-20. ágúst n.k.

Þessi samvera hefur gefist afskaplega vel undanfarin ár, en hún samanstendur af fræðslu, leikjum og skemmtun og stendur til boða öllum þeim ungmennum sem fædd eru árið 1997.

Þar sem að okkur hafa ekki verið veittar upplýsingar um öll börn fædd árið 1997, bendum við þeim á, sem ekki hafa fengið bréf frá okkur og vilja nánari upplýsingar, að hafa samband í síma 462-7700 (milli kl. 9.00 og 13.00 virka daga) eða senda póst á netfangið gyda@akirkja.is

Nánari upplýsingar um ferðina verða svo sendar út þegar nær dregur.



Kveðjumessa í Akureyrarkirkju 9. maí sl. þar sem sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson og sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir kvöddu söfnuðinn. Við þökkum þeim ómetanlegt starf hér við kirkjuna og óskum þeim velfarnaðar.

Vetrarstarf eldri borgara

Vetrarstarf eldri borgara við Akureyrarkirkju lauk með heimsókn út í Laufás fimmtudaginn 6. maí sl. Um 70 manns tóku þátt í ferðinni sem hófst við Safnaðarheimilið.

Sr. Bolli Pétur Bollason tók á móti okkur í Laufáskirkju, þar fræddi hann okkur um sögu staðarins, sem er höfuðból að fornu og nýju. Þá leiddi

hann okkur í bæn og sálmásöng. Síðan gengum við í þjónustumiðstöðina þar sem veitingar voru á boðstólnum.

Sóknarpresturinn okkar sr. Svavar Alfreð Jónsson ávarpaði okkur og þakkaði öllum fyrir þátttöku í vetrarstarfinu. Samverur eldri borgara hefjast svo aftur 7. október kl. 15.00 og verða fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.



Bolli Pétur Bollason, prestur í Laufási, segir sögu staðarins.



Sumartónleikar verða haldnir í Akureyrarkirkju alla sunnudaga í júlí.

Sumartónleikar

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju verða að venju haldnir í sumar.

Peir verða á dagskrá alla sunnudaga í júlí kl. 17.00. Fjölbreytni einkennir tónleikana að venju og er dagskráin svona:

Sunnudagur 4. júlí kl. 17:00.

Kammerkór Akraness. Stjórnandi er Sveinn Arnar Sæmundsson.

Sunnudagur 11. júlí kl. 17:00.

Ulrike Northoff, orgelleikari.

Sunnudagur 18. júlí kl. 17:00.

Ellen Kristjánsdóttir, söngkona. Eyþór Gunnarsson, píanóleikari.

Sunnudagur 25. júlí kl. 17:00.

Eydís Franzdóttir, óbóleikari. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, orgelleikari.

Aðgangur að tónleikum er ókeypis. Sjá nánar á: <http://www.akureyrarkirkja.is/page/sumartónleikar>

Kvöld- og ferðamannakirkjan

Sumarið 2010 er fimmta sumarið sem boðið er upp á lengri opnunartíma og aukna þjónustu við ferðamenn í Akureyrarkirkju. Upphaflega var kvöld- og ferðamannakirkjan samstarfsverkefni Akureyrarkirkju, Biskupsstofu og Eyja fjarðarprófestsdæmis, en nú hafa báðir síðartöldu aðilarnir dregið sig út úr samstarfinu, þannig að þjónustan er alfarið á vegum Akureyrarkirkju.

Starfið verður með sama sniði og sl. sumar. Prestur er til staðar í kirkjunni, tekur á móti gestum, sýnir kirkju-

una, annast helgi- og bænastundir og er til viðtals fyrir þá sem þess óska.

Kvöld- og ferðamannakirkjan verður opin frá 1. júní-31. ágúst og eru opnunartímar sem hér segir: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 17.00-19.00 og 20.00-21.00. Á sunnudögum er alþjóðleg helgi- og söngstund kl. 20.00. Tónlistarflutningur og skipulagning hans er eins og sl. sumar í höndum Hermanns Arasonar, en þessar stundir nutu mikilla vinsælda sl. sumar.

Vikulegir tónleikar í Akureyrarkirkju

Alla þriðjudaga í sumar verður boðið upp á tónleika í Akureyrarkirkju.

Tónlistarfolk af svæðinu flytur fjölbreytta tónlist. Meðal annars má heyra fiðluleik, einsöng, orgelleik, trompetleik, samleik ólíkra hljóðfæra og kórsöng.

Dagskráin verður auglýst síðar á veggspjöldum, póstlistum og á

heimasíðu kirkjunnar www.akirkja.is.

Sérstakur póstlisti verður gerður vegna þessa, áhugasamir skrái sig hjá Eyþóri Inga, cythor@akirkja.is

Fyrstu tónleikarnir verða 8. júní og þeir síðustu 31. ágúst. Tónleikarnir hefjast kl. 12:15 og standa yfir í ca. 30 mínútur. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

Fermingarbörn í Akureyrarkirkju í maí 2010

Laugardagur, 22. maí kl. 10:30

Alexander Freyr Simm, Keilusíðu 1d
Anton Helgi Jóhannsson, Akurgerði 9c
Antonía Sigurðardóttir, Lækjartúni 18-101
Baldvin Þór Jónsson, Borgarhlíð 11a
Benjamín Viktor Baldursson, Akurgerði 5a
Brekki Arnarsson, Helgamagrastræti 3
Daníel Freyr Traustason Baxter, Eikarlundi 1
Diljá Dögg Gunnarsdóttir, Löngumýri 14
Dofri Vikar Bragason, Heiðarlundi 5b
Fjöla Björk Kristinsdóttir, Heiðarlundi 2b
Gauti Freyr Guðbjartsson, Grundargerði 6g
Guðný Halldórsdóttir, Lerkilundi 15
Gunnar Konráð Finnsson, Hraungerði 3
Helgi Freyr Sævarsson, Helgamagrastræti 53
Jón Emil Karlsson, Sómatúni 14
Jón Eyþór Ingason, Engimýri 9
Júlíana Mist Jóhannsdóttir, Furulundi 4c
Lárus Elí Scheving Guðmundsson, Ægisgötu 21

Logi Páll Sævarsson, Víðivöllum 22
Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir, Kotárgerði 10
Soffía Bergrós Jónsdóttir, Borgarhlíð 11a
Sveinn Helgi Karlsson, Stekkjartúni 27
Thelma Rut Tryggvadóttir, Grænumýri 5
Viktória Ýr Rakelardóttir, Hafnarstræti 23b

Hvítasunnudagur, 23. maí kl. 10:30

Atli Fannar Sverrisson, Víðilundi 10f
Árni Þórður Magnússon, Hrafnagilsstræti 37
Bjarki Bernarðsson, Kringlumýri 17
Bjarnís Ragna Brynjarsdóttir, Helgamagrastr. 1
Dagmey Björk Kristjánsdóttir, Gilsbakkavegi 1
Elvar Frans Bjarnason, Sólvöllum 15
Guðrún Rut Guðmundsdóttir, Bjarmastíg 10
Gunnar Björn Ólafsson, Stekkjargerði 6
Hrefna Fanney Rognvaldsdóttir, Akurgerði 3f
Iðunn Una Hrefnuðóttir, Heiðarlundi 3c
Ingibjörg Rannveig Rósenbergsd., Helgam.str. 4
Ísak Orri Jóhannsson, Byggðavegi 159

Ívar Örn Árnason, Kjarnagötu 12-212
Jóhann Þór Auðunsson, Akurgerði 3e
Jón Helgi Tómasson, Víðilundi 8i
Kjartan Þórðarson, Hamarstíg 4
Kristín Rut Gunnarsdóttir, Lerkilundi 42
Nína María Arnarsdóttir, Hörpulundi 19
Tómas Helgi Hjartarson, Grundargerði 6d
Sóley Ásta Sigvaldadóttir, Dalsgerði 6b
Stefán Trausti Njálsson, Vörðutúni 8
Styrmir Elí Ingólfsson, Brekkugötu 31
Tórfrí Franklín Hjaltason, Möðruvallastræti 5

Hvítasunnudagur, 23. maí kl. 13:30

Auður Birna Þorsteinsdóttir, Heiðarlundi 8b
Ásgerður Jana Ágústsdóttir, Ásvegi 26
Bernharð Anton Jónsson, Grænumýri 7
Elín María Helgadóttir, Þingvallastræti 12
Eydís Helena Leifsdóttir, Lerkilundi 28
Guðmundur Orri Baldursson, Dalsgerði 5j
Gunnar Úlfarsson, Helgamagrastræti 10

Kamilla Dóra Jónsdóttir, Austurbyggð 14
Katrín Birna Barkardóttir, Hamarstíg 28
Kristinn Darri Þorsteinsson, Norðurgötu 16
Sigrún Mary McCormick, Austurbyggð 16
Sólveig María Þórðardóttir, Víðimýri 4

Laugardagur, 29. maí kl. 10:30

Agnes Erla Hólmarsdóttir, Víðivöllum 8
Atli Björn Jóhannesson, Dalsgerði 5f
Daníel Ívar Einarsson, Engimýri 1
Diljá Björt Bjarnadóttir, Asabyggð 16
Freyr Helgason, Stallatúni 6
Jenný Rut Valsdóttir, Grundargerði 2e
Júlíus Andri Karlsson, Vanabyggð 15
Ragnar Gamaliel Sigurgeirsson, Beykilundi 8
Skúli Halldórsen, Skálagerði 6, 600 Akureyri
Steinunn Alda Gunnarsdóttir, Ránargötu 25
Viðar Örn Stefánsson, Heiðarlundi 3i
Ævar Freyr Birgisson, Vanabyggð 13

Starfið í Akureyrarkirkju á næstunni

Maí

Föstudagur 21. maí

Æfing fermingarbarna kl. 16:00.

(Börn sem fermast 22. maí.)

Æfing fermingarbarna kl. 17:00.

(Börn sem fermast 23. maí kl. 10:30.)

Æfing fermingarbarna kl. 18:00.

(Börn sem fermast 23. maí kl. 13:30.)

Laugardagur 22. maí

Fermingarmessa kl. 10:30.

Hvítasunnudagur 23. maí

Fermingarmessa kl. 10:30.

Fermingarmessa kl. 13:30.

Þriðjudagur 25. maí

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Fimmtudagur 27. maí

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Föstudagur 28. maí

Æfing fermingarbarna kl. 16:00.

(Börn sem fermast 29. maí)

Laugardagur 29. maí

Fermingarmessa kl. 10:30.

Sunnudagur 30. maí

Bókmenntamessa kl. 11:00.

Æðruleysismessa kl. 20:00.

Júní til ágúst

Sunnudagar

Guðsþjónusta kl. 11:00.

Alþjóðleg helgi- og söngstund kl. 20:00.

Hermann Arason og félagar sjá um tónlistina.

Þriðjudagar

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Hádegistónleikar í Akureyrarkirkju kl. 12:00.

Fimmtudagar

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:00.

Akureyrarkirkja er opin frá kl. 10.00-17.00 og 20.00-21.00, mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 10.00-17.00 föstudaga.

Kvöld- og ferðamannakirkjan verður opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 17:00-19:00 og 20:00-21:00.

Athygli skal vakin á því að kirkjan er lokað þegar útfarir eða aðrar athafnir fara fram og er það auglýst sérstaklega á kirkjudyrnum, eins er hægt að hafa samband í síma 462 7700 eða á netfangið akirkja@akirkja.is is til að fá frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is, sími 462 7700.